

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2024, miðvikudagurinn, 19. desember, var haldinn 49. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í bókasafninu í Úlfarsárdal og hófst kl. 16.39. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Guðný Maja Riba, Björn Ingi Björnsson, Ellen Ellertsdóttir og Stefán Pálsson. Eftirtaldir fulltrúar í íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Heiða Björk Júlíusdóttir og Marta Guðjónsdóttir. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynningu á umferðaröryggismálum í Úlfarsárdal. MSS22110074

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals beinir þeirri ábendingu til garðyrkjustjóra/skrifstofu borgarlandsins að endurskoða gróðurskreytingar á umferðaeypjum við Úlfarsbraut á þann hátt að lágreistur gróður verði valinn í stað hærri plantna sem geta aukið slyshættu með því að byrgja öikumönnum og gangandi vegfarendum sýn.

Höskuldur Rúnar Guðjónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 16.42 tekur Trausti Jónsson sæti á fundinum.
 - Kl. 17.51 vikur af fundi Marta Guðjónsdóttir af fundi og aftengist fjarfundarbúnaði.
2. Lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. október 2024, með umsagnarbeiðni um drög að Ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar ásamt fylgiskjali, sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins frá 21. nóvember 2024. USK190115
Samþykkt að fela formanni í samvinnu við ráðið að skila umsögn ráðsins hið fyrsta.
 3. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 20. nóvember 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, Borgarlína 1. lota – Ártún-Fossvogsbrú. USK24080320.
Frestað.
 4. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 28. nóvember 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði, áfanga 2, á Hólmsheiði. SN210147
Samþykkt að fela formanni í samvinnu við ráðið að kanna málið nánar og eftir atvikum skila umsögn fyrir tilskilinn.
 5. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

Fundi slitið kl. 18:11

Guðný Maja Riba

Stefán Pálsson
Heiða Björk Júlíusdóttir

Björn Ingi Björnsson
Ellen Ellertsdóttir